

Fundur 11.5.2020 Ingvar Agnarsson.

Góða kvöldið.

Ætla ég aðeins að segja við ykkur örfá orð.

Gleður það mig að komast aftur í sambandið og get ekki verið lengi, er aðeins að magna fyrir næsta samband.

Vil ég skila kveðju frá góðvini mínum Þorsteini Guðjónssyni, biður hann að heilsa syni sínum og öðrum.

Takk fyrir.

Ingvar Agnarsson.

Já, blessaður.

Vil ég hér bara láta vita af því að sonur minn er hér kominn fram og er hann búinn að ná fullri heilsu.

Brosir hann og þakkar fyrir vináttu í sinn garð og vill hann reyna að láta í sér heyra síðar.

Höfum við reynt að hjálpa unga manninum að halda áfram starfinu.

Já.

Og viljum við hvetja ykkur að halda áfram með Lífgeisla ef unnt er.

Já, en við treystum á þig, að þú magnir Ingólf.

Já munum reyna það.

Og kannski einhverja fleiri hérna í hópnum?

Já, við höfum fundið fyrir móttækileika, ef svo má segja.

Að þið takið misjafnlega á móti og sum ykkar sem skynja meir en önnur og því miður hefur orðið rof á tilraunum til að magna upp miðla.

En þurfið þið að gera það skipulega og má vera að það muni þá heppnast.

Ég vil reyna að koma síðar í sambandið og lýsa þá ýmsu betur.

En vil ég senda mínar bestu kveðjur til fjölskyldunar og fleiri Nýalssinna og vona að ykkur gangi sem best.

Munum við halda áfram að reyna okkar besta að magna ykkur.

Verið þið sælir.

Já vert þú blessaður.